



Ársreikningur
samstæðunnar
2024
í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðenda	7
Rekstrarreikningur	11
Yfirlit um heildarafkomu	12
Efnahagsreikningur	13
Eiginfjárfirlit	14
Sjóðstreymisyfirlit	15
Skýringar	16
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Ársfjórðungayfirlit	40
Stjórnarháttayfirlýsing	41
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	43

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi samstæðunnar

Brim hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með áherslu á ábyrga verðmætasköpun úr sjávarfangi. Félagið og dótturfélög þess gera út tíu fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Félagið hefur tekið virkan þátt í þróun sjálfbærs sjávarútvegs á síðustu áratugum og mun Brim hf. áfram beita sér fyrir þeirri stefnu.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga, en í samstæðunni eru fjórtán félög (sjá skýringu 33). Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; botnfisksvið, uppsjávarsvið, sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en sölufélaga.

Rekstur og fjárhagsstaða

Aukning varð á heildar botnfiskheimildum Brims fyrir kvótaárið 2024/2025 eða um 1% í þorski, 1% í ýsu, 15% í gullkarfa og 2% í gulllaxi. Í nóvember var úthlutað aflamarki í djúpkarfa og fékk Brim úthlutað 1.037 tonnum, en árið áður var engu aflamarki úthlutað í djúpkarfa. Aftur á móti var lækking í úthlutun í grálúðu um 25%. Engin úthlutun er til íslenskra skipa til veiða í Barentshafi fyrir árið 2025 þar sem heildarúthlutun þar er undir þeim mörkum sem þurfa að vera til þess að íslensk skip fái þar aflaheimildir.

Heildar botnfiskveiði jókst milli ára og var 48.092 tonn á móti 43.545 tonnum árið 2023. Þar af var afli togara 46.242 tonn, en árið 2023 var hann 41.779 tonn. Afli á úthaldsdag var 26,6 tonn en árið 2023 var hann 27,2 tonn. Afli línubátsins Kristjáns var 1.850 tonn á árinu, en 1.767 tonn árið 2023. Um mitt ár var frystitogarinn Þerney keyptur og fór hann í sína fyrstu veiðiferð í lok júní. Örfirisey var seld og afhent nýjum eigendum í lok júlí. Helga María stoppaði í fjórar vikur til að sinna hefðbundnum viðhaldsverkefnum. Í heildina voru unnin tæp 23.971 tonn í landvinnslum félagsins samanborið við 25.475 tonn árið á undan. Töluvert minna var unnið af ufsa og karfa en meira af þorski. Norðurgarður vann úr 20.627 tonnum af þorski, ufsa, ýsu og karfa. Kambur vann úr 3.344 tonnum af þorski og ýsu.

Markaður fyrir ferskar þorskafurðir var sterkur á árinu. Verðin voru nokkuð stöðug framan af og hækkuðu síðan jafnt og þétt þegar leið á árið. Mikil umframeftirspurn var í júlí og ágúst á meðan sumarlokanir hjá öðrum íslenskum framleiðendum stóðu sem hæst. Framboð á þorski á komandi ári mun minnka vegna kvótaskerðingar í Barentshafi og því líklegt að afurðaverð á ferskum þorskafurðum muni áfram haldast hátt. Markaðir fyrir aðrar ferskar afurðir eins og ufsa og karfa voru sveiflukenndir eftir heildarmagni í umferð að hverju sinni. Aukin áhersla var lögð á sölu á ferskum karfaafurðum á árinu.

Markaðaðstæður í landfrystum afurðum hafa verið nokkuð stöðugar að karfaafurðum undanskildum þar hafa aðstæður verið brokkgengar. HORECA (Hótel-Restaurant-Catering) hefur verið stöðugur og undir lok árs farið að hylla undir hækkandi verð á ufsa og þorski sérstaklega. Á árinu hefur þó verið áberandi meiri eftirspurn frá fyrirtækjum sem sækja sér hráefni í blokkarafurðir og bita til áframvinnslu t.d. brauðun.

Markaðir fyrir sjófrystar afurðir voru flestir þungir í upphafi ársins 2024, líkt og árið á undan. Eftir því sem leið á árið fóru markaðir að færast úr hreinum kaupendamarkaði og vægi seljenda jókst að sama skapi sem skilaði sér í aukinni eftirspurn.

Almennt er nokkur óvissa og spennan á mörkuðum í takti við átök og umbreytingar í alþjóðamálum. Áhersla er á að afla og deila upplýsingum og nýta þær til að styrkja stöðu félagsins og sækja hærra verð til kaupenda.

Engin loðnuvertíð og dræm makrílveiði settu stóran svip á rekstur uppsjávarsviðs árið 2024. Heildarafli uppsjávarskipa var 96 þúsund tonn á móti 152 þúsund tonnum árið 2023 þar af var samdráttur í loðnu 48 þúsund tonn og makríl 9.500 tonn, en veiðar gengu vel á síld og kolmunna. Vinnsla gekk vel og framleiðslugæði voru góð. Verð á frystum makríl og síld hækkaði og sala gekk vel. Verð á bæði mjöli og lýsi voru mjög góð þrátt fyrir að verð á lýsi hafi lækkað á seinni hluta ársins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.

Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðunnar af seldum vörum námu 389 millj. evra á árinu (2023: 437 millj. evra). Rekstrarhagnaður nam 49 millj. evra (2023: 80 millj. evra). Hrein fjármagnsgjöld námu 18 millj. evra (2023: 14 millj. evra). Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar 41 millj. evra (2023: 63 millj. evra).

Efnahagsreikningur

Eignir samstæðunnar í árslok námu 996 millj. evra (2023: 950 millj. evra), skuldir samstæðunnar í árslok námu 507 millj. evra (2023: 477 millj. evra) og eigið fé samstæðunnar í árslok 2024 var 489 millj. evra (2023: 473 millj. evra) samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfallið var 49% í árslok (2023: 50%).

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 46 millj. evra (2023: 46 millj. evra). Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 39 millj. evra, (2023: neikvæðar um 139 millj. evra). Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 11 millj. evra (2023: neikvæðar um 36 millj. evra). Handbært fé hækkaði því um 18 millj. evra á árinu 2024 (2023: lækkun um 128 millj. evra).

Starfsfólk

Á árinu 2024 voru að meðaltali 661 stöðugildi hjá samstæðunni miðað við heilsársstörf, en þau voru 694 á árinu 2023. Um 73% starfsmanna hjá samstæðunni eru karlar og 27% konur, en 87% stjórnenda eru karlar og 13% konur.

Áhættuþættir

Auk hefðbundinnar áhættugreiningar fjárhagslegra þátta hefur Brim lagt áherslu á áhættugreiningu ófjárhagslegra þátta á síðustu misserum. Sú greining hefur m.a. verið unnin í samhengi við tvöfalda mikilvægisgreiningu félagsins, tengt væntanlegri innleiðingu CSRD (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) regluverks Evrópusambandsins, stefnumörkunar upplýsingatæknimála og mótunar umhverfis- og loftslagsstefnu.

Tvöföld mikilvægisgreining Brims tók mið af ESRS stöðlunum og innihaldi þeirra og felur í sér mat á áhrifum, áhættu og tækifærum (IRO). Í því samhengi er rétt að halda til haga að rekstur Brims er háður áhættu sem stendur utan ESRS staðlanna sem slíkra og nefna mætti „pólitíska áhættu“. Sú áhætta er í eðli sínu tvíþætt. Annars vegar felst hún í skorti á fyrirsjáanleika stjórnvaldsákvæðana og umræðu um „umbyltingu“ á fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga. Hins vegar er rekstur Brims, eins og rekstur annarra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, háður innleiðingu laga og reglna. Dæmi um slíkt er innleiðing ESRS staðlanna í íslensk lög. ESRS staðlarnir endurspeglar gildandi reglur og stefnumörkun sem hefur verið samþykkt af hálfu ESB. Rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda eru oft á tíðum ekki í samræmi við regluverk ESB. Til dæmis um þetta fellur fiskveiðistjórnun og regluumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja utan ESB reglna skv. EES samningnum. Innleiðing ESRS staðlanna og annarra reglna ESB á sviði fjármála- og félagaréttar á Íslandi þarf að taka mið af þessu. Að öðrum kosti er hættu á að fjármála- og félagaréttarreglur ESB muni með óbeinum hætti grafa undan íslenskum hagsmunum.

Þar sem „pólitísk áhætta“ er illa skilgreind og til að leggja áherslu á fagleg og samræmd vinnubrögð við greiningu á áhrifum, áhættu og tækifærum, var tekin ákvörðun um að leggja fyrst og fremst áherslu á málaflokka ESRS við greiningu Brims í samhengi mikilvægisgreiningarinnar. Horft var til allrar virðisbætur Brims og lögð áhersla á að skilja fjárhagsleg áhrif, sem og áhrif Brims á yfirflokka ESRS (E1-E5, S1-S4 og G1) og undirflokka. Lögð hefur verið áhersla á skjölun vinnunnar og hún kynnt innan fyrirtækisins. Niðurstaða tvöfaldrar mikilvægisgreiningar Brims felur í sér að mikilvægustu áhrif félagsins á sviði umhverfis felist í loftslagsbreytingum (E1) og líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum (E4). Eigið vinnuafli (S1) félagsins er einnig mikilvægispáttur, sem og stjórnarhættir (G).

Meðal megináhættu- og óvissuþátta sem Brim stendur frammi fyrir eru aðstæður á íslenskum vinnumarkaði, lokun markaða fyrir afurðir félagsins, ofveiði, breytt göngumynstur og uppeldisaðstæður fiskistofna og ýmsir aðrir áhættuþættir tengdir breytingum á loftslagi og umhverfi. Netöryggi er vaxandi áhættuþáttur, sem og þróun alþjóðlegs viðskiptaumhverfis.

Öll þessi atriði geta haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins, en sumir þessara þátta fela jafnframt í sér ákveðin tækifæri. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri og markvissri uppbyggingu þekkingar og stefnumörkunar tengt áhættuþáttum félagsins. Í stjórnarháttaryfirlýsingu er fjallað um áhættustýringu félagsins og í skýringum nr. 25-30 er að finna upplýsingar um helstu áhættur félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.

Hlutfé

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 1.956 millj. kr, en félagið á eigin hluti að nafnverði 30,5 millj. kr. Engin breyting var á hlutfé eða eigin bréfum á árinu. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er á Nasdaq Iceland.

Hlutfé félagsins skiptist í árslok á 1.700 hluthafa, en þeir voru 1.876 í ársbyrjun og fækkaði því um 176 á árinu. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Hluthafi	31.12.2024		31.12.2023	
	Nafnverð í millj. kr.	Eignarhlutur	Nafnverð hlutfjár í millj. kr.	Eignarhlutur
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	859,9	44,66%	859,9	44,66%
Lífeyrissjóður stm. ríkisins A-deild	272,0	14,13%	278,1	14,44%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	202,2	10,50%	209,2	10,86%
Brú lífeyrissj. starfsmanna sveitarf.	78,4	4,07%	53,8	2,79%
KG Fiskverkun ehf. *	78,0	4,05%	78,0	4,05%
Birta lífeyrissjóður	60,6	3,15%	61,6	3,20%
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins B-deild	59,0	3,07%	59,0	3,07%
Stekkjarsalir ehf. *	36,5	1,90%	36,5	1,90%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	31,0	1,61%	31,0	1,61%
Brú R deild	18,0	0,93%		
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.			15,7	0,82%
Tíu stærstu hluthafar samtals	1.695,6	88,07%	1.682,8	87,40%
Aðrir hluthafar	229,8	11,93%	242,6	12,60%
Útistandandi hlutir	1.925,4	100,00%	1.925,4	100,00%

* KG Fiskverkun ehf. og Stekkjarsalir ehf. eru félög í eigu tengdra aðila

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2025 verði vegna rekstrarársins 2024 greiddur 1,5 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutfjár til hluthafa, í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins, eða 2.888 millj. kr. (um 20,1 millj. evra á lokagengi ársins 2024). Arðgreiðslan samsvarar 2,0% af markaðsvirði hlutfjár í lok árs 2024. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Brims hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verkvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarskóp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd, sem hittir ytri endurskoðendur reglulega. Stjórn félagsins hefur skipað starfskjaranefnd, sem gerir tillögu að starfskjarastefnu félagsins fyrir stjórn og hefur eftirlit með að henni sé framfylgt. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra. Starfsreglur endurskoðunar- og starfskjaranefnda eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn Brims hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (síðast útgefnar febrúar 2021). Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum meginráttum en með eftirfarandi undantekningu; félagið hefur ekki skipað tilnefningarnefnd. Félagið er aðili að Festu, félagi um samfélagslega ábyrgð og styðst við þau viðmið sem það félag setur. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Stjórn félagsins í árslok 2024 var skipuð eftirfarandi einstaklingum: Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður, Anna G. Sverrisdóttir varaformaður, Hjálmar Kristjánsson, Krístrún Heimisdóttir og Magnús Gústafsson. Hlutfall karla í stjórninni er 60% og hlutfall kvenna er 40%. Stjórnin uppfyllir því skilyrði 63. gr. hlutfélagalaga nr. 2/1995 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Í framkvæmdastjórn félagsins sitja þrír, tveir karlar og ein kona.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga birtir samstæðan sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem fylgiskjal með ársreikningnum. Þar er fjallað um sjálfbærni og samfélagsábyrgð félagsins, ábyrgar fiskveiðar, umhverfis- og loftslagsmál, mannauðs- og öryggismál og siðferði. Í fylgiskjalinu er einnig að finna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy).

Sjávarútvegur er órjúfanlegur þáttur íslensks samfélags og leggur Brim áherslu á að starfa í sátt við umhverfið og samfélagið, sem leiðarljós í sjálfbærniáherslum félagsins. Félagið starfar eftir umhverfis- og loftslagsstefnu sinni og birtir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangsmýndun vegna starfseminnar samhliða ársfjórðungsuppgjörum. Brim samdi um sjálfbærnitengt sambankalán í júní 2023, en í lánaskilmálum eru hvatar til aukinnar sjálfbærni og skilgreindir árangursvísar á sviði umhverfis- og samfélagsmála í samræmi við stefnu og markmið Brims. Árangursvísarnir taka m.a. til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna veiða og er Brim frumkvöðull í slíkri upplýsingagjöf á heimsvísu. Frekari umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er að finna í árs- og sjálfbærnisýrslu Brims fyrir árið 2024.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Skráin „635400YXSJKSF3H3CB31-2024-12-31.zip“ er í samræmi við sameiginlegt rafrænt skýrslusnið samstæðuársreikninga (ESEF).

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2024 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2024 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 2025.

Stjórn:

Kristján Þ. Davíðsson

Anna G. Sverrisdóttir

Hjálmar Kristjánsson

Kristrún Heimisdóttir

Magnús Gústafsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Brims hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Brims hf. fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Brims hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan.

Við erum óháð Brimi hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Brimi hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Afurðabirgðir

Afurðabirgðir nema um 65 milljónum evra í árslok.

Afurðabirgðir félagsins eru metnar til eignar miðað við áætlað meðalframleiðsluverð, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Þar sem um er að ræða matskenndan lið teljum við afurðabirgðir vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Vísun í skýringu 18 um birgðir og skýringu 3 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Við lögðum mat á aðferðafræði stjórnenda við birgðamat.

Áætluð framlegð af sölu birgða í hverjum afurðaflokki sem liggur til grundvallar mati á afurðabirgðum var borin saman við raunframlegð í rekstri viðkomandi afurðaflokka.

Við tókum úrtak úr sölureikningum afurða við reikningsskiladag og athuguðum hvort söluverð væri lægra en kostnaðarverð birgða.

Með úrtaksprófunum staðfestum við magn og tilvist birgða sem og söluverð sem liggur til grundvallar verðmati birgða.

Megináherslur við endurskoðun

Aflaheimildir

Bókfærðar aflaheimildir nema 386 milljónum evra eða um 39% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnisleg eign með ótakmarkaðan líftíma. Stjórnendur framkvæma virðisrýrnunarpróf árlega og meta hvort endurheimtanlegt virði aflaheimilda sé umfram bókfært verð þeirra á reikningsskiladegi. Í ljósi stærðar reikningsliðar í efnahagsreikningi og matskenndra forsenda virðisrýrnunarpófs stjórnenda teljum við aflaheimildir vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Vísun í skýringu 14 um óefnislegar eignir og skýringu 3 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks samstæðunnar.

Stjórnendur lögðu fram virðisrýrnunarpróf sem var framkvæmt á aflaheimildum samstæðunnar í árslok. Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar fórum yfir aðferðafræði stjórnenda og hvort breytingar hafi orðið á aðferð milli ára. Við skoðun okkar á virðisrýrnunarprófinu höfum við meðal annars yfirfarið helstu forsendur stjórnenda s.s.:

- Áætlanir stjórnenda sem notaðar eru til grundvallar útreikningi virðisrýrnunarprófsins.
- Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna.

Jafnframt fórum við yfir útreikning virðisrýrnunarprófsins og niðurstöður þess ásamt því að kanna hvort það hafi verið framkvæmt í samræmi við kröfur í alþjóðlegum reikningsskilastaðli 36 (IAS 36). Við könnuðum einnig hvort skýringar með ársreikningi væru í samræmi við IAS 36.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, ársfjórðungsyfirlit, stjórnarháttayfirlýsing, ófjárhagsleg upplýsingagjöf og ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Við fengum skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra ásamt ársfjórðungsyfirliti, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf fyrir áritunardag en ársskýrsluna gerum við ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Brims hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árs hlutareiknings, aðra staðfestingarvinnu og skattaáðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Brim hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Brims hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Brims hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið „635400YXSJKSF3H3CB31-2024-12-31.zip“ hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (European Single Electronic Format), ESEF reglur ESB 2019/815 sem innhalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álitum okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Brims hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið „635400YXSJKSF3H3CB31-2024-12-31.zip“ sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Kosning endurskoðanda

Deloitte var kjörið endurskoðandi Brims hf. á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2024. Deloitte hefur verið endurskoðandi Brims hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2015.

Kópavogur, 27. febrúar 2025.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Pétur Hansson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Seldar vörur	4	389.365	437.215
Kostnaðarverð seldra vara		(323.708)	(335.396)
Vergur hagnaður		65.657	101.819
Aðrar rekstrartekjur	5	3.400	369
Útflutningskostnaður		(7.434)	(10.031)
Annar rekstrarkostnaður	9	(12.382)	(12.599)
Rekstrarhagnaður		49.241	79.558
Fjáreignatekjur		4.011	4.663
Fjármagnsgjöld		(23.178)	(19.330)
Gengismunur		1.584	399
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	11	(17.583)	(14.268)
Áhrif hlutdeildarfélaga	15	14.452	9.747
Hagnaður fyrir tekjuskatt		46.110	75.037
Tekjuskattur	12	(5.595)	(12.089)
Hagnaður ársins		40.515	62.948
EBITDA		65.304	97.224
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	21	0,021	0,033

Skýringar á blaðsíðum 16 til 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Hagnaður ársins		40.515	62.948
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:			
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	20	754 (	3.007)
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum		1.437 (	3.878)
Liðir sem síðar munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Gangvirðisbreyting eignarhluta	17	(974)	484
Heildarafkoma ársins		41.732	56.547

Skýringar á blaðsíðum 16 til 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	246.062	202.207
Óefnislegar eignir	14	401.885	402.373
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum	15	150.766	139.122
Langtímakröfur á tengda aðila	16	6.567	19.495
Aðrar fjárfestingar	17	15.688	16.222
Fastafjármunir		820.968	779.419
Birgðir	18	65.327	74.405
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	31.740	36.800
Kröfur á tengda aðila		25.803	24.856
Handbært fé		52.135	34.178
Veltufjármunir		175.005	170.239
Eignir samtals		995.973	949.658
Eigið fé			
Hlutfé		20.083	20.083
Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutafjár		61.686	61.686
Þýðingarmunur	(	2.721)	(4.158)
Annað bundið eigið fé		74.421	65.688
Óráðstafað eigið fé		335.450	329.509
Eigið fé	20	488.919	472.808
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	22	325.564	339.432
Tekjuskattsskuldbinding	23	72.538	73.453
Langtímaskuldir		398.102	412.885
Vaxtaberandi skuldir	22	76.035	25.780
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	23.614	22.315
Skuldir við tengda aðila	32	1.681	76
Skattar ársins	23	7.622	15.794
Skammtímaskuldir		108.952	63.965
Skuldir		507.054	476.850
Eigið fé og skuldir samtals		995.973	949.658

Skýringar á blaðsíðum 16 til 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Eiginfjáryfirlit 2024

	Lögbundinn varasjóður og					
	Hlutfé	yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Annað bundið eigið fé *	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2023						
Eigið fé 1.1.2023	20.083	61.686	(280)	57.555	313.231	452.275
Hagnaður ársins					62.948	62.948
Þýðingarmunur ársins			(3.878)			(3.878)
Gangvirðisbreyting eignarhluta				484		484
Áhættuvarnir langtímaskulda				(3.007)		(3.007)
Heildarafkoma ársins			(3.878)	(2.523)	62.948	56.547
Millifært á bundið eigið fé				10.656	(10.656)	0
Greiddur arður, 2,8 kr. á hlut					(36.014)	(36.014)
Eigið fé 31.12.2023	20.083	61.686	(4.158)	65.688	329.509	472.808
Árið 2024						
Eigið fé 1.1.2024	20.083	61.686	(4.158)	65.688	329.509	472.808
Hagnaður ársins					40.515	40.515
Þýðingarmunur ársins			1.437			1.437
Gangvirðisbreyting eignarhluta				(974)		(974)
Áhættuvarnir langtímaskulda				754		754
Heildarafkoma ársins			1.437	(220)	40.515	41.732
Millifært á bundið eigið fé				8.953	(8.953)	0
Greiddur arður, 2,0 kr. á hlut					(25.621)	(25.621)
Eigið fé 31.12.2024	20.083	61.686	(2.721)	74.421	335.450	488.919

* Annað bundið eigið fé er sundurliðað í skýringu 20.

Skýringar á blaðsíðum 16 til 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins		49.241	79.558
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	8	19.469	18.041
Hagnaður af sölu aflaheimilda	5	0	(295)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(3.400)	(74)
		<u>65.310</u>	<u>97.230</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum		10.946	(10.406)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		3.143	(8.248)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>14.089</u>	<u>(18.654)</u>
Innheimtar vaxtatekjur		3.973	4.526
Greidd vaxtagjöld		(22.956)	(19.199)
Greiddir skattar		(14.354)	(17.461)
Handbært fé frá rekstri		<u>46.062</u>	<u>46.442</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(65.926)	(41.027)
Söluverð rekstrarfjármuna		6.268	6.038
Söluverð aflaheimilda		0	467
Fjárfesting í aflaheimildum		0	(12.630)
Innborgaðar lánveitingar frá tengdum félögum		16.274	4.675
Arður frá hlutdeildarfélögum		7.871	1.410
Fjárfestingar í eignarhlutum hlutdeildar- og öðrum félögum		(3.963)	(97.531)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(39.476)</u>	<u>(138.598)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(25.621)	(36.014)
Skammtímalán		611	3.954
Tekin ný langtímalán		48.826	220.000
Afborganir langtímalána		(12.445)	(223.581)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>11.371</u>	<u>(35.641)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		17.957	(127.797)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>34.178</u>	<u>161.975</u>
Handbært fé í árslok		<u>52.135</u>	<u>34.178</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Söluverð rekstrarfjármuna		0	14.088
Skammtímakröfur á tengda aðila		0	(14.088)

Skýringar á blaðsíðum 16 til 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Skýringar

1. Félagið

Brim hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Samtæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga" og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera út 10 fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni auðlinda til sjós og lands og gæði afurða.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Samtæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 27. febrúar 2025.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samtæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að afleiðusamningar og eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samtæðuársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum evra, nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samtæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum, er að finna í skýringu 14 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum aflaheimilda.

e. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samtæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samtæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig eftir stigskiptu kerfi á grundvelli þeirra forsenda sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Stig 1: skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt 1. stigi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Stig 3: forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fánlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Nánari upplýsingar um forsendurnar sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu 14 óefnislegar eignir.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameining fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirráð flytjast til hennar (sjá a ii). Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð myndast og þar til þeim lýkur.

(iii) Tap á yfirráðum

Þegar yfirráð samstæðunnar í dótturfélagi tapast eru eignir og skuldir dótturfélagsins færðar út úr samstæðureikningnum ásamt hlutdeild annarra eigenda þess og öðrum liðum eigin fjár. Allur tengdur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Eignarhlutur sem haldið er eftir er metinn á gangvirði á þeim degi sem yfirráð töpuðust.

(iv) Hlutdeild í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Tekjur

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar.

Tekjur samstæðunnar af samningum við viðskiptavini (IFRS 15) samanstanda af sölu á sjávarafurðum. Tekjur eru skráðar á þeim tímapunkti sem yfirráð yfir vörunni flytjast til viðskiptavinar. Flutningur á yfirráðum yfir hinu selda tekur mið af flutningsskilmálum og er ýmist við afhendingu vöru til flutningsaðila eða viðskiptavinar.

Samstæðan færir ekki skuldbindingu vegna væntra vöruskila þar sem reynslan sýnir að upphæðir hafa verið óverulegar.

c. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og framleiðslu, þar með töldum launakostnaði, veiðigjöldum og afskriftum.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Gjöld frh.

(ii) Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavini, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði og afskriftum vegna annarra en tekjuskapandi eininga samstæðunnar.

d. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og hagnaði af áhættuvarnagerningum sem eru færðir í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, tapi af áhættuvarnagerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum eða byggingu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft ástand.

Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó.

e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

f. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna. Þar sem engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við starfsmenn og ekki hafa verið gefin út breytanleg skuldabréf er ekki um að ræða neina þynningu á hagnaði á hlut.

g. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti samstæðunnar. Við ákvörðun forstjóra um úthlutun auðlinda til starfspátta og til að meta árangur er afkoma þeirra starfspátta, sem tiltækar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, yfirfarin reglulega.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Starfspáttayfirlit frh.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt. Óskiptir liðir samanstanda mestmegnis af tekjum af eignum og kostnaði af vaxtaberandi skuldum.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna annarra en viðskiptavildar.

Verðlag á vörum og þjónustu milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

h. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi eru umreiknaðar í evrur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendrar starfsemi eru umreiknuð í evrur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evrur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

i. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur, kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir samstæðunnar á gangvirði um rekstrarreikning eru eignarhlutar í óskráðum félögum.

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum um aðra heildarafkomu

Fjáreignir samstæðunnar á gangvirði um aðra heildarafkomu eru eignarhlutar í skráðum félögum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

(ii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattaáhrifum.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

j. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annarra gjalda.

Fjármagnskostnaður er eignfærður á byggingartíma vegna rekstrarfjármuna í smíðum miðað við vegna meðalvexti alls lánsfjár.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	15-25 ár
Fiskiskip og búnaður	15-20 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-8 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

k. Óefnislegar eignir

(i) Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

(ii) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem eru keyptar eða færðar upp við kaup í samstæðu við kaup á dótturfélögum og eru með takmarkaðan nýtingartíma eru eignfærðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur ávinning sem felst í eigninni sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja sem myndast hafa innan samstæðunnar, er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir óefnislegra eigna

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en veiðiheimilda og viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Viðskiptasambönd	10 ár
------------------------	-------

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

I. Leigusamningar

(i) Mat á leigusamningi

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

(ii) Leiguskuld

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

(iii) Leigueign

Nýtingarréttur vegna leigueigna er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur af leigueignum er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

m. Birgðir

Afurðir eru metnar til eignar á áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að ljúka við og selja vöru. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

n. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum), kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakröfnanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu félagsins, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapsmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 19.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild, aflaheimildum og óefnislegum eignum með ótilgreindan líftíma.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Sú virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

o. **Hlunnindi starfsmanna**

Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

p. **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

q. **Nýir og breyttir reikningsskilastaðlar og tulkánir á þeim**

Samstæðan hefur innleitt breytingar og endurbætur á reikningsskilastöðum sem gilda fyrir reikningstímabil sem hófst 1. janúar 2024. Áhrif af innleiðingu þeirra voru óveruleg á samstæðuársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

4. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarpáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjávarsvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfspætti samstæðunnar.

	Botnfisk- svið	Uppsjávar- svið	Sölufélög í Asíu	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
2024						
Seldar vörur	170.774	98.026	126.926	19.645	(26.006)	389.365
Kostnaðarverð	(138.542)	(70.693)	(124.214)	(16.265)	26.006	(323.708)
Vergur hagnaður	32.232	27.333	2.712	3.380	0	65.657
Aðrar rekstrartekjur	3.400					3.400
Útflutningskostnaður	(4.206)	(2.099)		(1.129)		(7.434)
Annar rekstrarkostnaður	(5.145)	(4.943)	(1.060)	(1.234)		(12.382)
Rekstrarhagnaður	26.281	20.291	1.652	1.017	0	49.241
Fjármagnsliðir						(17.583)
Áhrif hlutdeildarfélaga						14.452
Hagnaður fyrir tekjuskatt						46.110
Tekjuskattur						(5.595)
Hagnaður ársins						40.515
Rekstrarfjármunir	155.751	61.437	268	28.606		246.062
Óefnislegar eignir	313.651	72.326	12.109	3.799		401.885
Óskiptar eignir						348.026
Eignir samtals						995.973
Óskiptar skuldir						507.054
Afskriftir rekstrarfjármuna	12.090	6.195	37	1.147		19.469
Fjárf. í rekstrarfjármunum	55.664	3.213	5	7.044		65.926
2023						
Seldar vörur	149.556	147.360	146.139	22.898	(28.738)	437.215
Kostnaðarverð	(116.501)	(84.400)	(141.713)	(21.520)	28.738	(335.396)
Vergur hagnaður	33.055	62.960	4.426	1.378	0	101.819
Aðrar rekstrartekjur	97	272				369
Útflutningskostnaður	(4.798)	(4.208)		(1.024)		(10.031)
Annar rekstrarkostnaður	(4.978)	(4.816)	(1.243)	(1.563)		(12.599)
Rekstrarhagnaður	23.376	54.208	3.183	(1.209)	0	79.558
Fjármagnsliðir						(14.268)
Áhrif hlutdeildarfélaga						9.747
Hagnaður fyrir tekjuskatt						75.037
Tekjuskattur						(12.089)
Hagnaður ársins						62.948
Rekstrarfjármunir	114.327	64.330	285	23.265		202.207
Óefnislegar eignir	313.651	72.326	12.597	3.799		402.373
Óskiptar eignir						345.078
Eignir samtals						949.658
Óskiptar skuldir						476.850
Afskriftir rekstrarfjármuna	10.368	6.153	42	1.478		18.041
Fjárf. í rekstrarfjármunum	31.757	4.201	5	5.064		41.027

Skýringar, frh.:

4. Starfspáttayfirlit, frh.: Landsvæðaskipting

	Evrópa	Asía	Ameríka	Samtals
2024				
Seldar vörur	242.229	125.443	21.693	389.365
2023				
Seldar vörur	268.648	142.397	26.170	437.215

Ofangreindar tekjur eru af samningum við viðskiptavinum. Reikningsskilaaðferðir vegna tekjuskráningar eru í skýringu 3b.

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

	2024	2023
Söluhagnaður aflaheimilda	0	295
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	3.400	74
Aðrar tekjur samtals	3.400	369

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	72.163	78.964
Lífeyrisciðgjöld	8.999	8.844
Önnur launatengd gjöld	6.402	6.914
Laun og launatengd gjöld samtals	87.564	94.722

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara	82.991	90.484
Annar rekstrarkostnaður	4.573	4.238
Laun og launatengd gjöld samtals	87.564	94.722
Ársverk	661	694

7. Veðiðgjald

Samtæðan greiðir veðiðgjald skv. lögum nr. 145/2018 um veðiðgjald. Á árinu 2024 nam gjaldfært veðiðgjald 7.846 þús. evrur (2023: 8.055 þús. evrur). Veðiðgjaldið er gjaldfært meðal kostnaðarverðs seldra vara í rekstrarreikningi.

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir rekstrarfjármuna	19.469	17.765
Afskriftir og niðurfærsla óefnislegra eigna	0	276
Afskriftir og niðurfærsla færðar í rekstrarreikning	19.469	18.041

Afskriftir og niðurfærsla skiptast þannig þannig eftir rekstrarliðum:

Kostnaðarverð seldra vara	18.499	17.026
Annar rekstrarkostnaður	970	1.015
Afskriftir og niðurfærsla færðar í rekstrarreikning	19.469	18.041

Skýringar, frh.:

9. Annar rekstrarkostnaður		2024	2023
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Laun og launatengd gjöld		4.573	4.238
Annar stjórnunarkostnaður		5.630	5.855
Markaðskostnaður		724	580
Virðisrýrnun viðskiptakrafna		35	0
Annar kostnaður		1.420	1.926
Annar rekstrarkostnaður samtals		<u>12.382</u>	<u>12.599</u>
10. Þóknanir til endurskoðenda			
Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:			
Endurskoðun ársreiknings		233	174
Könnun árshlutareikninga		37	35
Önnur vinna		12	24
		<u>282</u>	<u>233</u>
11. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:			
Vaxtatekjur skammtímakrafna og handbærs fjár		1.567	2.671
Vaxtatekjur langtímakrafna		2.439	1.999
Gangvirðisbreyting eignarhluta		5 (	7)
Fjáreignatekjur samtals		<u>4.011</u>	<u>4.663</u>
Vaxtagjöld	(	23.178)	(19.330)
Fjármagnsgjöld samtals	(	23.178)	(19.330)
Gengishagnaður gjaldmiðla		<u>1.584</u>	<u>399</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(	17.583)	(14.268)
12. Tekjuskattur			
Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu var 12,1% (2023: 16,1%). Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:			
		2024	2023
Skattar til greiðslu			
Skattar ársins		<u>7.622</u>	<u>15.794</u>
Frestaðir skattar			
Tímabundnir mismunir	(	2.027)	(3.705)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi		<u>5.595</u>	<u>12.089</u>
Virkur tekjuskattur greinist þannig:		2024	2023
Hagnaður ársins		40.515	62.948
Tekjuskattur		5.595	12.089
Hagnaður án tekjuskatts		<u>46.110</u>	<u>75.037</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	21,0%	9.683	20,0% 15.007
Áhrif gengismunar og hlutdeildarféлага	(9,0%) (	4.136)	(2,1%) (1.569)
Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði	(0,1%) (	61)	(1,7%) (1.297)
Aðrir liðir	0,2%	109	(0,1%) (52)
Virkur tekjuskattur	<u>12,1%</u>	<u>5.595</u>	<u>16,1%</u> <u>12.089</u>

Skýringar, frh.:

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2023	80.913	176.559	146.256	403.728
Þýðingarmunur	0	0	(16)	(16)
Viðbætur á árinu	4.981	31.955	4.091	41.027
Selt og niðurlagt	0	(20.031)	(217)	(20.248)
Heildarverð 31.12.2023	85.894	188.483	150.114	424.491
Viðbætur á árinu	5.679	56.046	4.201	65.926
Selt og niðurlagt	0	(20.699)	(1.180)	(21.879)
Heildarverð 31.12.2024	91.573	223.830	153.135	468.538
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2023	43.602	59.570	101.548	204.720
Þýðingarmunur	0	0	(6)	(6)
Afskriftir ársins	2.950	7.793	7.022	17.765
Selt og niðurlagt	0	0	(195)	(195)
Afskrifað alls 31.12.2023	46.552	67.363	108.369	222.284
Afskriftir ársins	2.961	9.966	6.542	19.469
Selt og niðurlagt	0	(18.479)	(798)	(19.277)
Afskrifað alls 31.12.2024	49.513	58.850	114.113	222.476
Bókfært verð				
1.1.2023	37.311	116.989	44.708	199.008
31.12.2023	39.342	121.120	41.745	202.207
31.12.2024	42.060	164.980	39.022	246.062
Afskriftahlutföll	4 - 6%	6 - 10%	12 - 33%	
Afskriftir skiptast þannig eftir rekstrarliðum:			2024	2023
Kostnaðarverð seldra vara			18.493	16.750
Annar rekstrarkostnaður			976	1.015
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi			19.469	17.765
Vátryggingar og mat eigna				
Vátryggingarverð og fasteignamat rekstrarfjármuna samstæðunnar í árslok námu eftirfarandi fjárhæðum:				
Fasteignamat fasteigna og lóða			76.120	66.922
Brunabótamat fasteigna og lóða			147.646	130.695
Vátryggingarverð skipa og búnaðar			287.297	234.312
Vátryggingarverð áhalda og tækja			190.161	194.020
Vátryggingarverð afurða			66.587	79.084
Veðskuldir				
Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veðskuldabréf og tryggingabréf til tryggingar skuldum. Verðmæti þessara trygginga greinast þannig:				
Fiskiskip og búnaður			443.000	411.495
Tryggingabréf, fasteignir og afurðir			7.591	7.528
Samtals			450.591	419.023

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	2024	2023
Viðskiptavild	15.909	16.397
Aflaheimildir	385.976	385.976
Óefnislegar eignir 31.12	401.885	402.373

Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:

Viðskiptavild 1.1.	16.397	17.792
Þýðingarmunur	(488)	(1.395)
Viðskiptavild 31.12.	15.909	16.397

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar:

Viðskiptavild Vignis G. Jónssonar ehf.	3.798	3.798
Viðskiptavild vegna sölufélaga í Asíu	12.111	12.599
Viðskiptavild samtals	15.909	16.397

Í árslok 2024 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf vegna Vignis G. Jónssonar ehf. og sölufélaga í Asíu. Í prófinu eru endurheimtanlegar fjárhæðir metnar á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi. Áætlað framtíðarfjárstreymi byggir á áætlunum félaganna til næstu fimm ára, þar sem væntingar um hagnað og vöxt efnahags, ásamt ávöxtunarkröfu voru meðal helstu breyta í matinu. Rekstraráætlanir byggja á rauntölum og framtíðarvæntingum stjórnenda. Stuðst var við ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðarfjárflæði eftir skatta. Ávöxtunarkrafan tekur tillit til þeirrar áhættu sem felst í starfsemi félaganna. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs vegna eignarhluta í Vigni G. Jónssyni ehf. og sölufélaga í Asíu var að endurheimtanlegt verð var hærra en bókfært verð og engin virðisrýrnun því færð.

Helstu forsendur í prófunum voru eftirfarandi:

	Vignir G. Jónsson ehf.	
	2024	2023
Meðalvöxtur tekna til fimm ára.....	6,1% (	0,2%)
Framtíðarvöxtur.....	2,5%	2,5%
Ávöxtunarkrafa.....	9,2%	9,5%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilforsendum myndu ekki hafa áhrif á bókfært virði viðskiptavildarinnar.

	Sölufélög í Asíu	
	2024	2023
Meðalvöxtur tekna til fimm ára.....	5,0%	2,9%
Framtíðarvöxtur.....	1,5%	1,5%
Ávöxtunarkrafa.....	8,9%	8,9%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilforsendum myndu ekki hafa áhrif á bókfært virði viðskiptavildarinnar.

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir frh.

Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:

	2024	2023
Aflaheimildir 1.1.	385.976	373.518
Fjárfest á árinu	0	12.630
Selt á árinu	0 (	172)
Aflaheimildir 31.12.	385.976	385.976
Aflaheimildir botnfisksviðs	289.502	289.502
Aflaheimildir uppsjávarsviðs	96.474	96.474
Aflaheimildir 31.12.	385.976	385.976

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Virðisrýrnunarprófi aflaheimilda er skipt á rekstrarstarfsþætti félagsins sem eru botnfisksvið og uppsjávarsvið. Rekstrarstarfsþættirnir eru sjálfstæðar fjárskapandi einingar.

Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins er verulega umfram bókfært verð. Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins yrði lægra en bókfært verð þeirra.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun aflaheimilda var endurheimtanleg fjárhæð hverrar fjárskapandi einingar metin með því að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eininganna. Áætlað fjárstreymi byggir á spá um rekstrarafkomu starfsþátta til næstu fimm ára.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á endurheimtanlegri fjárhæð:

	Botnfisksvið		Uppsjávarsvið	
	2024	2023	2024	2023
Nafnvöxtur tekna 2023/2024 / 2022/2023	8,0%	(3,0%) (	41,0%)	0,3%
Veginn meðalvöxtur tekna 2025 til 2029 / 2024 til 2028	3,1%	2,2%	3,5%	(5,4%)
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Ávöxtunarkrafa, WACC	8,2%	8,5%	8,2%	8,5%

Við mat á rekstrarafkomu næstu fimm ára er veiðigjald áætlað. Erfitt er fyrir stjórnendur félagsins að meta veiðigjald til framtíðar. Virðisrýrnunarprófið byggir á þeirri forsendu að gjaldið sé reiknað miðað við rekstraráætlanir félagsins eftir reiknigrunni í lögum um veiðigjald sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2018, sem lagt er til grundvallar við ákvörðun veiðigjalds á greinina í heild sinni.

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:	Hlutdeild í úthlutun 2024	Úthlutaðar heimildir tonn	Óveidd tonn 31.12.2024	Óveidd tonn 31.12.2023
Tegund:				
Þorskur	7,9%	13.335	8.026	8.131
Þorskur í norskrei lögsögu	35,9%	0	0	1.304
Þorskur í rússneskrei lögsögu	45,9%	0	0	0
Ýsa	9,0%	5.381	3.627	3.539
Ufsi	20,0%	10.601	11.180	11.092
Gullkarfi	27,3%	10.830	6.844	6.454
Djúpkarfi	28,8%	1.038	909	115
Grálúða	12,6%	1.104	1.095	1.272
Gulllax	40,2%	4.675	3.765	5.227
Íslensk sumargotssild	11,1%	8.022	407	697
Norsk íslensk vorgotssild	14,1%	8.372	8.349	7.928
Loðna	18,0%	798	798	0
Kolmunni	20,9%	60.522	57.344	60.875
Makríll	20,3%		5.907	1.587
Aðrar kvótabundnar tegundir		1.137		521
Samtals aflaheimildir í þorskígildum		42.175	34.347	34.902

14. Óefnislegar eignir frh.:

Aflaheimildir frh.:

Úthlutun aflaheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Matvælaráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Botnfiskheimildir miðast almennt við úthlutun í september 2024. Engin úthlutun er til íslenskra skipa til veiða í Barentshafi fyrir árið 2025 þar sem heildarúthlutun þar er undir þeim mörkum sem þurfa að vera til þess að íslensk skip fái þar aflaheimildir. Vegna stríðsins í Úkraínu hafa íslensk skip ekki fengið úthlutað heimildum í rússneskri lögsögu síðan árið 2021.

Heimildir í íslenskri sumargotssíld miðast við úthlutun í september 2024. Heimildir í kolmunna byggja á úthlutun í janúar og heimildir í norsk-íslenskri vorgotssíld byggja á áætlaðri úthlutun.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af matvælaráðuneytinu.

Matvælaráðherra hefur ekki úthlutað makríl fyrir árið 2025. Úthlutun til Brims á árinu 2024 var 22.678 tonn.

15. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	2024		Eignarhlutur	2023	
		Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð		Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Deris S.A., Síle	20%	1.327	26.184	20%	1.387	24.113
Guðrún Þorkelsdóttir ehf.	50% (9)		6	50% (6)		14
Iceland Pelagic ehf.	33% (125)		2.386	33%	689	2.780
Laugafiskur ehf.	33% (589)		3.659	33%	194	4.157
Marine Collagen ehf.	25% (614)		0	25% (104)		596
Melnes ehf.	43%	251	7.299	43%	160	6.801
Polar Seafood Denmark A/S	50%	8.122	96.242	50%	6.833	90.692
Stika umhverfisláusnir ehf.	25%	49	397	40% (36)		230
StorMar ehf.	25% (184)		286	25%	78	457
Þórsberg ehf.	48%	6.224	14.307	41%	552	9.282
		14.452	150.766		9.747	139.122

16. Langtímakröfur á tengda aðila

Langtímakröfur á tengda aðila greinast þannig:

	2024	2023
Langtímakröfur á tengda aðila 1.1.	19.495	24.980
Lánveitingar á árinu	0	24.153
Afborganir og skuldajafnanir	(12.917)	(15.757)
Gengismunur	(11)	207
Næsta árs afborgun færð meðal veltufjármuna	0	(14.088)
Langtímakröfur á tengda aðila 31.12.	6.567	19.495

Langtímakröfur á tengda aðila er lánveiting til Arctic Prime Fisheries ApS (APF). APF er tengdur aðili þar sem forstjóri Brims situr í stjórn félagsins.

Skýringar, frh.:

17. Aðrar fjárfestingar

2024

2023

Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

Eignarhlutar í skráðum félögum á gangvirði	12.291	13.265
Eignarhlutir í öðrum félögum	1.942	1.070
Langtímakröfur	1.455	1.887
Aðrar fjárfestingar samtals	15.688	16.222

18. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

Afurðabirgðir	57.762	65.975
Rekstrarvörubirgðir	7.565	8.430
Birgðir samtals	65.327	74.405

19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:

Nafnverð viðskiptakrafna	28.551	32.338
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast (870) (832)		
Aðrar skammtímakröfur	3.108	4.187
Fyrirframgreiðslur	951	1.107
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	31.740	36.800

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára og tekur mið af markaðsaðstæðum á reikningsskiladegi. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra. Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringum 25-28.

20. Eigið fé

(i) Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.956 millj. kr. í árslok. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 31 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Útistandandi hlutir í árslok eru 1.925 millj. kr. og eru þeir allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

(iii) Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára uns hann nemur tíu prósent hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa. Lögbundinn varasjóður er meðtalinn í yfirverðsreikningi hlutafjár.

(iv) Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendra dóttur- og hlutdeildarféлага sem eru aðskiljanlegur hluti af rekstri félagsins.

(v) Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturféлага umfram því sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Á annað bundið eigið fé eru einnig færðar áhættuvarnir vegna vaxta af langtímaskuldum samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

(v) Annað bundið eigið fé frh.

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Áhættuvarnir vegna langtíma- skulda	Gangvirðis- breyting eignarhluta	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1. 2024	(752)	484	65.956	65.688
Breyting á árinu	754	(974)	8.953	8.733
Staða 31.12.2024	2	(490)	74.909	74.421

(vi) Arður

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að greiddur yrði 2,0 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023, og voru 3.851 millj. kr. (25,6 millj. evra) greiddar í arð til hluthafa í apríl 2024.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2025 verði vegna rekstrarársins 2024 greiddur 1,5 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa, í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins, eða 2.888 millj. kr. (um 20,1 millj. evra á lokagengi ársins 2024). Arðgreiðslan samsvarar 2,0% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2024. Tillaga um greiðslu arðs þarf samþykki aðalfundar.

Greiddur arður á hlut hefur verið með eftirfarandi hætti:	2024	2023
Greiddur arður á hlut (ISK)	2,00	2,80

21. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað ársins og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	40.515	62.948
--	--------	--------

Vegið meðaltal hlutabréfa

Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (þúsund ISK)	1.925.447	1.925.447
Hagnaður á útistandandi hlut	0,021	0,033

22. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um lausafjárahættu og markaðsáhættu er að finna í skýringum 27-28.

	2024	2023
Langtímaskuldir		
Langtímaskuldir með veði	354.073	317.178
Skuldabréfaútgáfa	32.688	33.223
Leiguskuld	1.352	1.377
Næsta árs afborganir	(62.549)	(12.346)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	325.564	339.432
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir	62.549	12.346
Skammtímalánalínur	13.486	13.434
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	76.035	25.780
Vaxtaberandi skuldir samtals	401.599	365.212

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi skuldir frh.

Skilmálar vaxtaberandi langtímaskulda

		2024	2023
	Gjalddagar	Eftirstöðvar	
Skuldir í EUR	2025-2027	385.629	339.575
Skuldir í USD	2025-2026	0	9.443
Skuldir í JPY	2025-2030	2.484	2.760
Næsta árs afborganir	(	62.549)	(12.346)
		325.564	339.432

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2024	-	12.346
Árið 2025	62.549	14.323
Árið 2026	133.416	133.297
Árið 2027	9.265	9.095
Árið 2028	180.946	180.984
Árið 2029	664	1.733
Síðar	1.273	-
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	388.113	351.778

Breyting vaxtaberandi skulda greinist þannig:

Vaxtaberandi langtímaskuldir í upphafi árs	351.778	356.358
Tekin langtímalán	48.826	220.000
Afborganir langtímalána	(12.445)	(223.581)
Gengismunur	(46)	(999)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok árs	388.113	351.778

23. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.1	73.453	77.721
Gengismunur	1.112	(563)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	5.595	12.089
Tekjuskattur til greiðslu	(7.622)	(15.794)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	72.538	73.453

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	19.637	21.593
Óefnislegar eignir	50.857	49.045
Erlent hlutdeildarfélag	6.156	5.847
Birgðir	(30)	88
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	245	328
Vaxtaberandi skuldir	987	(398)
Yfirfæranlegt tap	(5.314)	(3.050)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	72.538	73.453

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	16.751	16.340
Aðrar skammtímaskuldir	6.863	5.975
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	23.614	22.315

Áhættustýring

25. Yfirlit

Eftirfarandi áhættupættir fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta
Rekstraráhætta
Loftslagsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættupætti, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með reglulegu samráði og verklagsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti, þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórn móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

26. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna langtímakrafna og viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Um 42% (2023: 38%) af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á vörum til fimm stærstu viðskiptamanna hennar.

Stjórnendur fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna á reglubundinn hátt. Stjórnendur meta innheimtanleika krafna og eru kröfurnar færðar niður ef líklegt er talið að þær muni ekki innheimtast.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til er færð sérstök niðurfærsla. Reikningsskilaaðferðir fyrir virðisrýrnun fjáreigna er að finna í skýringu 3n(i). Nánari lýsingu á niðurfærslu viðskiptakrafna má finna neðar í þessari skýringu. Samstæðan færir ekki niðurfærslu vegna langtímakrafna sem taldar eru nema óverulegum fjárhæðum og kröfum á tengda aðila þar sem útlánaáhætta er talin lítil og áætluð niðurfærsla myndi verða óveruleg.

Ábyrgðir

Móðurfélagið hefur gengist í ábyrgðir fyrir þrjú dótturfélög sín. Ábyrgðirnar eru vegna Icelandic Japan KK, Sólborgu ehf. og Vignis G. Jónssonar ehf., samtals að fjárhæð 64.913 þús. evrur í árslok.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2024	2023
Langtímakröfur á tengda aðila	6.567	19.495
Aðrar fjárfestingar	15.688	16.222
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	31.740	36.800
Kröfur á tengda aðila	25.803	24.856
Handbært fé	52.135	34.178
	<u>131.933</u>	<u>131.551</u>

Skýringar, frh.:

26. Lánsáhætta, frh.:

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

	2024	2023
Evrópa	15.215	21.649
Asía	11.773	9.111
Ameríka	1.564	1.578
	28.552	32.338

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2024	2023	2024	2023
Ógjaldfallið	22.861	28.711		
Gjaldfallið innan 30 daga	4.968	3.033	168	264
Gjaldfallið fyrir 31-120 dögum	116	132	96	106
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum	606	462	606	462
	28.551	32.338	870	832

Virðisrýrnun viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða 1.1.	832	827
Breyting virðisrýrnunar á árinu	35	0
Fært út á árinu	(35)	0
Gengismunur	38	5
Staða 31.12.	870	832

27. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá viðskiptabönkum. Ónýttar heimildir námu 35.000 þús. evrum í árslok.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, sem ekki eru afleiður, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
2024						
Veðtryggð lán	354.073	402.958	81.082	134.757	185.818	1.301
Skuldabréfaútgáfa	32.688	33.940	626	33.314		
Skammtímaskuldir	13.486	13.486	13.486			
	400.247	450.384	95.194	168.071	185.818	1.301
2023						
Veðtryggð lán	318.015	390.572	32.407	150.173	207.355	637
Skuldabréfaútgáfa	33.717	35.519	641	34.878		
Skammtímaskuldir	13.434	13.642	13.642			
	365.166	439.733	46.690	185.051	207.355	637

28. Markaðsáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu eru íslensk króna (ISK), breskt pund (GBP), japönsk jen (JPY) og bandarískur dollar (USD).

Stjórn félagsins hefur sett sér stefnu um áhættustýringu sem hefur það að meginmarkmiði að lágmarka gengis- og vaxtaáhættu og leitast þannig við að forðast neikvæð áhrif gengissveiflna og stuðla að stöðugleika í rekstri.

Lántaka samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum myndar gengisáhættu sem að hluta til er varin með sjóðstreymi samstæðunnar.

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu að hluta. Í árslok voru samningar að fjárhæð 4.396 þús. evrur útistandandi.

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir:

	USD	JPY	GBP	ISK	Aðrar myntir
2024					
Viðskiptakröfur	11.775	4.906	4.852	1.140	139
Handbært fé	10.556	3.947	2.426	3.442	15.029
Skuldir við lánastofnanir	(2.267)				
Viðskiptaskuldir	(5.894)	(1.056)		(12.959)	(481)
Áhætta í efnahagsreikningi	16.437	5.530	7.278	(8.377)	14.687
2023					
Viðskiptakröfur	12.710	5.225	4.444	1.075	2.872
Handbært fé	12.436	3.211	66	1.047	9.799
Skuldir við lánastofnanir	(9.443)	(2.760)	0	0	0
Viðskiptaskuldir	(4.646)	(1.783)	(89)	(11.892)	(617)
Áhætta í efnahagsreikningi	11.057	3.893	4.421	(9.770)	12.054

Næmnigreining

10% styrking evru gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar.

	2024	2023
USD	(1.494)	(1.005)
JPY	(503)	(354)
GBP	(662)	(402)
ISK	762	888
Aðrar myntir	(1.335)	(1.096)
	(3.232)	(1.969)

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu gagnvart evru var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2024	2023	2024	2023
USD	0,923	0,925	0,960	0,905
JPY	0,006	0,007	0,006	0,006
GBP	1,181	1,150	1,204	1,151
ISK	0,007	0,007	0,007	0,007

28. Markaðsáhætta frh.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Vaxtaskiptasamningar eru notaðir til að verjast vaxtaáhættu að hluta.

Vaxtaberandi fjármálagerningar samstæðunnar í árslok greinast þannig:	2024	2023
Fjárskuldir með breytilega vexti	368.911	332.209
Fjárskuldir með fasta vexti	32.688	33.003
	<u>401.599</u>	<u>365.212</u>

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu um 3.689 þús. evra. (2023: 3.332 þús. evra) fyrir tekjuskatt. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin er unnin með sama hætti og árið 2023.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

Áhættuvarnarreikningsskil

Samstæðan skilgreinir vaxtaskiptasamninga sem sjóðstreymisvarnir vegna vaxtaáhættu. Í upphafi áhættuvarnarsambands skjalir samstæðan áhættuvarnarsambandið milli áhættuvarnar og áhættuvarða liðarins, ásamt markmiðum með áhættustýringu. Samstæðan metur og skjalir auk þess skilvirkni áhættuvarnarsambandsins með tilliti til krafna IFRS 9, bæði í upphafi áhættuvarnarsambands og á síðari reikningsskiladögum.

Ef áhættuvarnarsamband uppfyllir ekki lengur kröfur um skilvirkni hættir samstæðan beitingu áhættuvarnarreikningsskila frá þeim tíma. Uppsöfnuð staða vegna áhættuvarna á eigið fé er þá umflokkuð í rekstrarreikning.

Sá hluti gangvirðisbreytingar áhættuvarna sem er skilvirkur í áhættuvarnarsambandinu er færður yfir aðra heildarafkomu í rekstrarreikningi. Öll óskilvirkni í áhættuvarnarsambandinu er færð strax í rekstrarreikning.

29. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjárahætta. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Hluti af rekstraráhættu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er sú áhætta, að stjórnvöld breyti leikreglum í sjávarútvegi með þeim hætti að starfsemi samstæðunnar verði óhagkvæmari en ella.

Samstæðan býr við áhættu vegna náttúrusveiflna. Veiðar og vinnsla á fiski eru meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breytti samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Samstæðan leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar.

Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla. Einnig viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög. Starfsmenn eru þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á.

30. Loftslagsáhætta

Tvöföld mikilvægisgreining Brims með tilliti til loftslagsáhrifa tók sérstaklega til skoðunar hvort tilgreindar áhættur félagsins teldust vera loftslagstengdar raunáhættur (climate-related physical risk) eða loftslagstengdar umbreytingaráhættur (climate related transition risk). Skýrsla vísindanefndar um loftslagsmál frá 2023 var mikilvægur grunnur þekkingar á þessu sviði, en í henni er loftslagsáhætta skilgreind sem „áhætta vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga og tilheyrandi tap og tjón“. Umfjöllun þeirrar skýrslu varðandi málefni hafsins byggði á greiningu Hafrannsóknastofnunar frá 2021 og hefur Brim jafnframt aflað frekari gagna í samstarfi við starfsmenn Hafrannsóknastofnunar. Sömuleiðis hefur verið horft til vinnu á vegum OSPAR milliríkjasamningsins um verndun Norðaustur Atlantshafs. Eðlis- og efnafræðilegar breytingar í hafinu (hækkun sjávaryfirborðs, súrnun sjávar, hlýnun sjávar og breytir straumar) og afleiddar líffræðilegar breytingar voru taldar mikilvægasta raunáhættan. Skert aðgengi að endurnýjanlegri orku og auknar kröfur og regluverk voru veigamestu umbreytingaráhætturnar.

Stefna Brims og markmið í loftslagsmálum taka mið af ofangreindum áhættupáttum. Í stefnunni er lögð áhersla á 1) Nýtingu auðlinda af ábyrgð, 2) Lágmrörkun útblásturs, 3) Kolefnishlutleysi til lengri tíma, 4) Hráefnanýtingu, 5) Langtíma fjárfestingar, 6) Samþætta virðiskeðju, 7) Öflugt samfélag og 8) Gagnadrifnar ákvarðanir. Félagið leggur áherslu á gott utnumhald loftslagsáhrifa sinna og miðlar þeim í árs- og sjálfbærnisráðgjöf, auk þess sem mikilvægustu loftslagsáhrifum (umfang 1) er miðlað samhliða ársfjórðungslegum rekstrarniðurstöðum. Félagið tekur þátt í umræðu með viðskiptavinum, vísinda- og háskólasamfélaginu og stjórnvöldum um skynsamlegar ráðstafanir til að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra.

Fjárfestingar og innra starf félagsins miða að því að draga úr loftslagsáhrifum og loftslagstengdri áhættu. Lögð er áhersla á vernd vistkerfa, nýtingu grænnar orku eins og skynsamlegt er og uppbyggingu hringrásarhagkerfisins með samstarfi og lágmrörkun sóunar. Brim hefur verið brautryðjandi í orkuskiptum á Íslandi. Félagið fjárfesti t.d. í rafskautakötum vegna fiskmjölsframleiðslu árið 2010, en neyddist á árinu 2023 til að fjárfesta í olíuknúnum ljósavélum til að tryggja rekstraröryggi fiskmjölsframleiðslu. Þessi staða er til komin vegna ójafnvægis á milli framboðs og eftirspurnar á íslenskum raforkumarkaði. Slík staða er til þess fallin að draga úr fjárfestingum fyrirtækja á sviði orkuskipta og kallar félagið eftir skýrri stefnumörkun stjórnvalda í þá veru að endurnýjanleg orka verði raunverulegur og fyrirsjáanlegur valkostur fyrir framleiðslufyrirtæki sem vinna úr endurnýjanlegum auðlindum sjávar og lands.

Brim hefur kolefnishlutleysi til lengri tíma að markmiði og fjárfesti í því augnamiði á árinu 2024 m.a. í kolefnisbindingu með skógrækt, þróun veiðarfæra, umhverfisstjórnunarkerfi, orkusparandi aðgerðum, útskiptum kælimiðla, samstarfi um uppsjávarveiðar og bættari nýtingu í uppsjávarvinnslu. Frekari fjárfestingar sem draga úr loftslagsáhættu og færa félagið nær markmiði um kolefnishlutleysi til lengri tíma eru fyrirhugaðar hjá Brimi, m.a. með rafvæðingu flutninga- og framleiðslutækja sem leysa olíuknúin tæki af hólmi. Í samhengi þeirra fjárfestinga er mikilvægt að skera úr um það hvernig kerfi upprunaábyrgða verði innleitt hér á landi. Ef íslensk fyrirtæki þurfa að kaupa upprunaábyrgðir tengt raforkukaupum hefur það í raun svipuð áhrif og öfugur kolefnisskattur og eykur rekstrarkostnað og áhættu tengt fjárfestingum í nauðsynlegum innviðum orkuskipta, t.d. búnaði til landtenginga skipa. Slíkt mun óhjákvæmilega tefja orkuskipti.

31. Eiginfjárfesting

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Langtímamarkmið stjórnar félagsins er að greiða helming hagnaðar út í arð.

32. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hlutdeildarfélög (skýring 15), hluthafar með veruleg áhrif, félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings.

32. Tengdir aðilar frh.

Viðskipti við stjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni greinast þannig:

	2024		2023	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður	69	9	65	9
Anna G. Sverrisdóttir, stjórnarmaður	58	0	55	0
Hjálmar Kristjánsson, stjórnarmaður	29	4	28	4
Kristrún Heimisdóttir, stjórnarmaður	61	8	51	7
Magnús Gústafsson, stjórnarmaður	47	0	53	0
Gunnar Þór Ásgeirsson, nefndarmaður	28	4	26	4
Guðmundur Kristjánsson, forstjóri	392	72	375	69
Lykilstjórnendur *	1.333	161	1.617	203

* Um er að ræða tvo lykilstjórnendur hjá móðurfélaginu (Framkvæmdastjóra fjármálasviðs og Framkvæmdastjóra nýsköpunar og loftlagsmála) og fjóra framkvæmdastjóra hjá dótturfélögum.

Auk ofangreindra launagreiðslna til stjórnarmanna keypti félagið ráðgjöf af félagi Kristjáns Þ. Davíðssonar, Viðskiptapróun ehf. fyrir 96 þús. evrur. Í árslok 2024 eru Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins eigandi alls hlutafjár í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. Hjálmar Kristjánsson stjórnarmaður í félaginu er hluthafi í KG Fiskverkun ehf. og Stekkjarsólum ehf. sem alls eiga 114,5 millj. hluta í félaginu. Félag í eigu Kristjáns Þ. Davíðssonar Viðskiptapróun ehf. á 39 þús. hluti í árslok, auk þess á hann óbeint hlutafé í gegnum eignarhald á félaginu ISDER ehf. Magnús Gústafsson stjórnarmaður í félaginu á hluti að nafnverði 82 þús. kr. í árslok.

Viðskipti við tengda aðila

Hluthafi með veruleg áhrif í árslok 2024 er Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. (ÚR). Brim hf. hefur veitt einu tengdu félagi, Arctic Prime Fisheries lánveitingu (sjá skýringu 16). Auk þessa átti samstæðan í neðangreindum viðskiptum við ÚR og tengd félög á árinu:

	2024	2023
Viðskipti við hluthafa		
Sala til ÚR og tengdra félaga	150	120
Innkaup frá ÚR og tengdum félögum	22.464	25.718
Vaxtatekjur frá tengdu félagi	2.052	1.606
Viðskipti við hlutdeildarfélög		
Sala til hlutdeildarfélaga	83.926	56.900
Innkaup frá hlutdeildarfélögum	2.627	5.289

Viðskipti samstæðunnar við hluthafa voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða. Sala Brims til hlutdeildarfélaga er að stærstum hluta til félagsins Iceland Pelagic ehf., en móðurfélagið á 33% eignarhlut í félaginu.

33. Dótturfélög

Í árslok voru dótturfélög móðurfélagsins þrettán. Dótturfélög samstæðunnar eru eftirfarandi:

	Land	Starfsemi	Eignarhluti
Breiðin ehf.	Ísland	Eignarhaldsfélag	100%
Fiskvinnslan Kambur ehf.	Ísland	Fiskvinnsla	100%
Gjörvi ehf.	Ísland	Þjónustufélag	100%
Grandi Limitada	Síle	Eignarhaldsfélag	100%
Grunnur ehf.	Ísland	Útgerð	100%
Icelandic Japan KK	Japan	Sala sjávarafurða	100%
Icelandic Hong Kong Ltd.	Hong Kong	Sala sjávarafurða	100%
Icelandic China Trading Co. Ltd.	Kína	Sala sjávarafurða	100%
S-13 Holding ApS	Danmörk	Eignarhaldsfélag	100%

Skýringar, frh.:

33. Dótturfélög frh.

Seafood Services ehf.	Ísland	Þjónustufélag	100%
Sólborg ehf.	Ísland	Útgerð frystitogara	100%
Stapavík ehf.	Ísland	Útgerð	100%
Vignir G. Jónsson ehf.	Ísland	Framleiðsla og sala	100%

34. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2024	2023
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,61	2,66
Lausafjárlutfall - kvikir veltufjármunir/ skammtímaskuldir	1,01	1,50
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,49	0,50
Arðsemi eigin fjár	8,9%	14,7%

35. Sjóðstreymisýfirlit

Veltufé frá rekstri greinist þannig:

Hagnaður ársins	40.515	62.948
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	19.469	18.041
Gengismunur langtímalána	416 (	327)
Söluhagnaður aflaheimilda	0 (	295)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(3.400) (	74)
Matsbreyting eignarhluta	0	13
Áhrif hlutdeildarféлага	(14.452) (	9.747)
Tekjuskattur	5.595	12.089
Veltufé frá rekstri	48.143	82.648

36. Önnur mál

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu hjá tryggingafélagi sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að átján mánuði af völdum bruna.

Ársfjórðungsfirlið - óendurskoðað

Ársfjórðungsfirlið	4 F 2024	3 F 2024	2 F 2024	1 F 2024	Samtals
Seldar vörur	105.216	109.968	79.726	94.455	389.365
Kostnaðarverð seldra vara	(87.053)	(83.992)	(70.346)	(82.317)	(323.708)
Vergur hagnaður	18.163	25.976	9.380	12.138	65.657
Aðrar rekstrartekjur	25	3.369	6	0	3.400
Útflutningskostnaður	(1.755)	(2.148)	(1.739)	(1.792)	(7.434)
Annar rekstrarkostnaður	(3.268)	(2.949)	(3.335)	(2.830)	(12.382)
Rekstrarhagnaður	13.165	24.248	4.312	7.516	49.241
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(3.435)	(5.724)	(4.147)	(4.277)	(17.583)
Áhrif hlutdeildarféлага	8.163	3.323	1.015	1.951	14.452
Hagnaður fyrir tekjuskatt	17.893	21.847	1.180	5.190	46.110
Tekjuskattur	(1.856)	(2.869)	(186)	(684)	(5.595)
Hagnaður tímabilsins	16.037	18.978	994	4.506	40.515
EBITDA	18.254	26.033	8.970	12.047	65.304
	4 F 2023	3 F 2023	2 F 2023	1 F 2023	Samtals
Seldar vörur	101.746	113.263	108.831	113.375	437.215
Kostnaðarverð seldra vara	(82.466)	(79.380)	(90.591)	(82.959)	(335.396)
Vergur hagnaður	19.280	33.883	18.240	30.416	101.819
Aðrar rekstrartekjur	74	0	295	0	369
Útflutningskostnaður	(2.466)	(2.127)	(2.925)	(2.513)	(10.031)
Annar rekstrarkostnaður	(3.231)	(2.872)	(3.429)	(3.067)	(12.599)
Rekstrarhagnaður	13.657	28.884	12.181	24.836	79.558
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(4.063)	(4.183)	(2.690)	(3.332)	(14.268)
Áhrif hlutdeildarféлага	1.523	3.624	2.578	2.022	9.747
Hagnaður fyrir tekjuskatt	11.117	28.325	12.069	23.526	75.037
Tekjuskattur	(2.268)	(3.501)	(1.656)	(4.664)	(12.089)
Hagnaður tímabilsins	8.849	24.824	10.413	18.862	62.948
EBITDA	18.511	33.411	16.203	29.099	97.224

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Félagið

Stjórn og fyrirsvarsmenn Brims hf. viðhafa góða stjórnarhætti svo að tryggt sé að starf stjórnarinnar og starfsemi félagsins í heild uppfylli þau viðmið sem gilda um góða viðskiptahætti.

Stjórnarhættir félagsins taka fyrst og fremst mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Brim hf. álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum meginráttum með þeirri undantekningu að félagið hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

Félagið leggur áherslu á fjölbreytilega hæfni einstaklinga sem bera stjórnunarlega ábyrgð í störfum sínum. Þessi áhersla kemur fram í samþykktum félagsins og starfsmannastefnu, meðal annars með áherslu á að draga fram upplýsingar um menntun, reynslu, aldur, kyn og hver faglegur bakgrunnur viðkomandi sé, t.d. við framboð til stjórnar Brims fyrir hluthafafund.

Rekstur Brims hf.

Brim hf. er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Íslandi og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði. Hlutverk Brims hf. er að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi í sátt við samfélagið og umhverfið, þannig skapar Brim virði fyrir starfsmenn, viðskiptavinum, hluthafa og samfélagið í heild.

Rekstur félagsins er háður ítarlegu regluverki og opinberu eftirliti hvað varðar rekstur skipaflota, vinnslu- og gæðamál. Félagið leggur áherslu á að viðhafa og fylgja eftir skýrum ferlum og eftirlitskerfum svo að tryggt verði að rekstur félagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum á hverjum tíma.

Stjórnendur félagsins viðhafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Eftirlit þetta er samfíð daglegu eftirliti með rekstri félagsins. Stjórn félagsins fer reglulega yfir áhættuþætti og áhættustýringu með stjórnendum félagsins og markar félaginu stefnu í þeim efnum. Helstu áhættuþættir sem skilgreindir eru lúta að gengis-, vaxta- og sjóðstreymisáhættu. Í því sambandi hafa stjórnendur félagsins heimild stjórnar til að gera framvirka samninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu m.a. vegna afurðabirgða, skammtímakrafna, handbærs fjár og skulda.

Áhættustýring

Brim hefur skilgreint áhættur og viðbrögð við einstökum áhættum í rekstrinum. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á áhættustýringu samstæðunnar og hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu.

Innra eftirlit Brims byggir á skýru skipulagi og aðgreiningu starfa. Allir helstu ferlar hafa verið skilgreindir, skjalaðir og innifela virkar eftirlitsaðgerðir. Reglubundin uppgjör eru mikilvægur hluti innra eftirlits og er fylgst vel með gæðum upplýsinga og helstu kerfa. Stjórn Brims ber ábyrgð á innra eftirliti en endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og fylgist m.a. með skilvirkni innra eftirlits til samræmis við skyldur sínar.

Stjórn Brims hf.

Aðalfundur félagsins kys árlega fimm stjórnarmenn til starfa í stjórn félagsins. Forstjóri félagsins, fjármálastjóri og ritari stjórnar sitja stjórnarfundi. Í samræmi við samþykktir fer stjórn félagsins ásamt forstjóra með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Meginmarkmið stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri og gæta að því að starfsemi þess sé í samræmi við kröfur þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemina á hverjum tíma. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma lítið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur. Stjórn setur félaginu í því sambandi markmiðsáætlun í samræmi við tilgang félagsins og markar þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og leitast í starfi sínu við að starfa skv. leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar er valdsvið stjórnar skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra afmarkað. Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu og upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Stjórn félagsins fundar að jafnaði mánaðarlega nema í júlímánuði. Á árinu 2024 voru haldnir tíu stjórnarfundir. Þá eru starfræktar starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd sem undirnefndir stjórnar félagsins og hittir endurskoðunarnefndin ytri endurskoðendur félagsins reglulega. Starfsreglur stjórnar, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur starfskjaranefndar og samþykktir félagsins er að finna á heimasíðu félagsins.

Stjórnin metur árlega störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu forstjóra og annarra daglegra stjórnenda. Þá metur stjórnin þróun félagsins og gætir að því að hún sé í samræmi við markmið þess. Í stjórn félagsins sitja fimm stjórnarmenn, meirihluti þeirra teljast óháðir félaginu. Ítarlegar upplýsingar er að finna um stjórnarmenn félagsins á heimasíðu undir slóðinni: <https://brim.is/brim/fjarfestar/stjorn-og-stjornarhaettir> sem telst hluti yfirlýsingar þessarar.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í málum sem varða hefðbundinn rekstur þess. Hlutverk forstjóra er skilgreint í samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar, sem og í ráðningarsamningi við félagið.

Hluthafar Brims hf.

Félagið er skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og voru hluthafar 1.700 þann 31. desember 2024. Hlutaskrá félagsins er skráð rafrænni skráningu hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð. Að jafnaði er haldinn einn hluthafafundur á ári í félaginu og eru upplýsingar um niðurstöðu hluthafafunda og aðrar upplýsingar er varða hluthafa félagsins aðgengilegar á heimasíðu þess.

Félagið hélt kynningarfundir í tengslum við uppgjör ársins og hálf árs uppgjör þar sem hluthöfum gafst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum sem og á hluthafafundum.


Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Brim hf. gerir út tíu fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og Vopnafirði. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni auðlinda til sjós og lands og gæði afurða.

Viðskiptalíkan

Brim leggur áherslu á samþættingu veiða, vinnslu, sölu og markaðssetningu á afurðum þess á erlendum mörkuðum m.a. í gegnum eigin sölufélög í Asíu. Hlutverk Brims er að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi í sátt við samfélagið og umhverfið. Þannig skapar Brim virði fyrir starfsfólk, viðskiptavin, hluthafa og samfélagið í heild. Með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, leitast Brim við að tryggja að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Með stöðugu framboði af sjávarafurðum í hæsta gæðaflokki og markvissu sölu- og markaðsstarfi munu sjávarafurðir Brims áfram verða eftirsóknarverðar og skila ávinningi til allra hagaðila.

Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarpáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; Botnfiskvið, Uppsjávarvið, Sölufélög í Asíu og annað sem er starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfspætti samstæðunnar.



Samfélagsábyrgð

Brim er í forystuhlutverki þegar kemur að samfélagsábyrgð og leggur ríka áherslu á umhverfismál og nýsköpun. Félagið hefur markað sér skýra stefnu í mannauðsmálum með áherslu á jafnrétti, öryggi og aðbúnað starfsfólks. Við ráðningar er lögð áhersla á að fá til starfa hæfa, trausta og árangursmiðaða einstaklinga. Brim tekur virkan þátt í að móta framtíð íslensks sjávarútvegs. Framtíð sem byggir á nýsköpun, tækniþróun og sjálfbærni.

Sjávarútvegur er órjúfanlegur þáttur af íslensku samfélagi og einn af burðarstólpum samfélagsins. Brim tekur hlutverk sitt alvarlega og hefur það að markmiði að tryggja trausta atvinnu og byggð á Íslandi. Félagið kemur að fjármögnun á fjölmörgum samfélagslegum verkefnum á hinum ýmsu sviðum.

Starfsemi Brims er umfangsmikil og snertir öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Brim horfir sérstaklega til fjögurra heimsmarkmiða í starfsemi sinni en þau snúa að nýsköpun (nr. 9), ábyrgri neyslu og framleiðslu (nr. 12), aðgerðum í loftslagsmálum (nr. 13) og lífi í vatni (nr. 14).

Félagið gefur út sína áttundu sjálfbærnisráðgjafu samhlíða ársskýrslu fyrir árið 2024. Hún lýsir nánar samfélagsábyrgð Brims, verkefnum sem unnin eru henni tengt sem og lykilmælikvörðum ófjárhagslegra upplýsinga.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.

Ábyrgar fiskveiðar

Brim hf. tekur virkan þátt í samstarfi sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu fiskistofna, gæðum og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Markmiðið með þátttöku félagsins er að stuðla að framþróun þess og atvinnugreinarinnar, auka samvinnu og tryggja markaðsaðgengi. Áhersla er lögð á samstarf við Ábyrgar fiskveiðar (Iceland Responsible Fisheries) sem stendur fyrir upprunamerki fyrir íslenskar sjávarafurðir og vottun á ábyrgum fiskveiðum Íslendinga. Í desember 2016 gerðist félagið bakhjarl samtakanna Global Sustainable Seafood Initiative (GSSI). Markmiðið með starfsemi GSSI er að auka gagnsæi í vottunum um sjálfbærni í sjávarútvegi og fiskeldi. Fyrirtæki með aðild að GSSI hafa skuldbundið sig til að viðurkenna öll þau vottunarverkefni sem standast GSSI úttekt, þegar kemur að sölu sjávarafurða.

Félagið er auk þess með vottuð gæðastjórnunarkerfi, IFS (International Food Standard), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme) og HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points). Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á gæði afurða og ábyrga umgengni til sjós og lands.

Umhverfismál

Umhverfisvitund hefur lengi verið stór partur af starfseminni og virðing fyrir umhverfinu og lífríki sjávar er grundvöllur í starfsemi Brims hf. Lögð er áhersla á góða umgengni um auðlindina og sjálfbæra nýtingu svo komandi kynslóðir geti notið hennar áfram. Félagið leitar stöðugt leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi og hefur í því augnamiði farið kerfisbundið yfir starfsemina til að safna gögnum um áhrif hennar á umhverfið. Þannig fæst betri yfirsýn yfir umhverfisáhrif og er stöðugt leitað nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori og öðrum umhverfisáhrifum starfseminnar. Brim hefur sett sér markmið í umhverfis- og loftslagsþáttum sem eru mikilvægir í rekstri félagsins. Þau markmið eru kynnt í árs- og samfélagsskýrslu félagsins. Losun gróðurhúsalofttegunda m.v. verðmæti seldra vara uppsjávar- og botnfiskssviðs er einn lykilmælikvarða félagsins og hefur hún dregist saman um 14% m.v. viðmiðunarárið 2015. Losun gróðurhúsalofttegunda á árinu 2024 var nokkru meiri en síðustu ár og vegur þar þýngst aukin olíunotkun frystitogara. Þá var losun gróðurhúsalofttegunda vegna fiskmjölsframleiðslu meiri en verið hefur, vegna skerðinga á afhendingu raforku. Stigin hafa verið skref til að draga úr olíunotkun skipa sem væntingar eru um að muni draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á komandi misserum. Lykilmælikvarðar Brims í umhverfismálum hafa þróast og munu áfram þróast í samræmi við aukna þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum innan félagsins og í samfélaginu.

Brim hf. starfrækir þrjár sorpflokkunarstöðvar, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Allur úrgangur sem fellur til í starfseminni er flokkaður með það að markmiði að finna leiðir til að endurnýta og stuðla þannig að hringrás hráefna. Flokkunarhlutfall úrgangs árið 2024 var 83% og hefur losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs ekki mælst lægri.

Önnur verkefni sem tengjast umhverfismálum eru m.a. bætt orkunýting og nýting glatvarma í fiskmjölsframleiðslu, raftenging skipa við hafnir, þróun veiðarfæra, hvatning til starfsfólks um að nýta sér umhverfisvænar samgöngur í og úr vinnu og frekari uppbygging umhverfisstjórnunarkerfis sem heldur utan um ófjárhagslega mælikvarða, með það að markmiði að lágmarka sóun og losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðjunni. Verkefni þessi eru mörg hver unnin í samstarfi við nýsköpunarfyrirtæki, háskóla og rannsóknarstofnanir.

Mannauður og öryggismál

Á árinu 2024 voru að meðaltali 661 stöðugildi hjá samstæðunni miðað við heilsársstörf, en þau voru 694 á árinu 2023. Um 73% starfsmanna hjá samstæðunni eru karlar og 27% konur, en 87% stjórnenda eru karlar og 13% konur.

Langflest störf á sjó eru unnin af karlmönnum, en flest störf í fiskiðjuverunum, þá sérstaklega á vinnslulínunum eru unnin af konum. Félagið leitast við að fá jafnt karla og konur til starfa í hinum ólíku starfahópum vinnustaðarins og bannað er að mismuna starfsmönnum hjá félaginu vegna kyns, kynhneigðar eða ólíks uppruna. Félagið fékk fyrst jafnlaunavottun 2019, en núverandi vottun (frá 2022) gildir til 2025. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Ábyrgð á öryggismálum er á herðum stjórnenda og þá eru starfandi öryggisnefndir á öllum sviðum félagsins. Mannauðssvið félagsins fer með umsjón og eftirlit með málaflökknum.

Siðferði, spilling, mútur og mannréttindi

Félagið virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur sett sér skrifleg viðmið um siðferði, spillingu, mannréttindi og mútur.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.

Gagnsæi og innleiðing löggjafar tengt ófjárhagslegri upplýsingagjöf

Brim hefur á síðustu árum þróað eigið umhverfiskerfi, sem nú er þróað áfram undir merkjum fyrirtækisins Stika umhverfislausnir ehf. Brim er hluthafi í fyrirtækinu. Kerfið kortleggur heildar kolefnisspor Brims og streyma upplýsingar frá helstu þáttum í rekstri þess með rafrænum hætti inn í umhverfissagnagrunn þar sem helstu mælipættir eru birtir í mælaborði og nýttast sem mikilvægar stjórnendaupplýsingar.

Helstu þættir í rekstri sem fylgst er með eru olía og kælimiðlar, útflutningur afurða, innanlandsflutningur, úrgangur, rafmagnsnotkun, notkun á heitu og köldu vatni og umbúðanotkun. Lögð er áhersla á að tengja umhverfismál við fjárhagslegan ávinning af fjárfestingum og aðgerðum, með mati á tekjumöguleikum og lækkun kostnaðar. Þannig styður umhverfiskerfið vegferð Brims í átt að sjálfbærri þróun. Kerfið byggir á góðum reikningsskilavenjum og nýtist til að birta upplýsingar úr umhverfissuppgjöri á 3ja mánaða fresti samhliða birtingu upplýsinga úr fjárhagslegum árschlutauppgjörum.

Upplýsingar um umhverfisáhrif rekstrar Brims eru grundvöllur innleiðingar félagsins á nýrri löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf (CSRD - Corporate Sustainability Reporting Directive). Brim hefur síðustu ár birt ófjárhagslegar upplýsingar á grundvelli GRI (Global Reporting Initiative) staðalsins, sem mun auðvelda skýrslugjöf á grundvelli CSRD löggjafarinnar. Brim hefur þegar greint mikilvægustu þætti í rekstri sínum m.t.t. ófjárhagslegrar upplýsingagjafar og í gildi er umhverfis- og loftslagsstefna. Innleiðing á CSRD mun hafa áhrif á upplýsingagjöf félagsins og framsetningu á ófjárhagslegum upplýsingum, en umrædd reglugerð ESB hefur ekki enn verið innleidd í íslensk lög og þar með gildir ákveðin óvissa um bein áhrif hennar á stjórnarhætti. Félagið hefur fylgst vel með þessari umræðu undanfarin misseri og mun þróa ramma utan um stjórnarhætti á sviði sjálfbærnimála með heildstæðum hætti.

Tenging ófjárhagslegrar upplýsingagjafar við sjálfbærnitengt sambankalán

Brim undirritaði í júní 2023 samning um 220 milljón EUR sambankalán til að endurfjármagna eldra lán. Í lánaskilmálum eru hvatar til aukinnar sjálfbærni þar sem skilgreindir eru árangursvísar á sviði umhverfis- og samfélagsmála í samræmi við stefnu og markmið Brims. Árangursvísarnir taka m.a. til losunar gróðurhúsalofttegunda tengt veiðum og er Brim frumkvöðull í slíkri upplýsingagjöf á heimsvísu. Utanumhald árangursvísanna er byggt á umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfissuppgjöri Brims. Rabobanki er umsjónaraðili sjálfbærniþátta lánsins.

Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) tók gildi 1. janúar 2023, með innleiðingu laga nr 25/2023. Evróputilskipunin ákvarðar þau tæknilegu matsviðmið sem á að styðjast við mat á því hvort að atvinnustarfsemi geti fallið undir skilgreiningu tilskipunarinnar á því hvað sé umhverfislega sjálfbært og þá hvort umrædd fjárfesting/atvinnustarfsemi sé umhverfislega sjálfbær.

Til þess að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf viðkomandi starfsemi að stuðla verulega að a.m.k. einu umhverfismarkmiði og á sama tíma ekki skaða önnur umhverfismarkmið. Starfsemin þarf að vera rekin í samræmi við lágmarksviðmið og uppfylla tæknileg matsviðmið. Umhverfismarkmið eru samtals sex og hafa verið innleidd tæknileg matsviðmið fyrir 1) mildun loftslagsbreytinga og mótvægisáðgerðir og 2) aðlögun loftslagsbreytinga. Önnur umhverfismarkmið eru 3) sjálfbær nýting og vernd vatns- og sjávarauðlinda, 4) umskipti í hringrásarhagkerfi, 5) mengunarvarnir og 6) vernd og uppbygging líffræðilegrar fjölbreytni.

Tæknileg matsviðmið hafa ekki verið skilgreind fyrir framleiðslu sjávarafurða og er því einungis lítil hluti af starfsemi Brims sem skilgreina má sem umhverfislega sjálfbæra starfsemi, skv. flokkunarreglugerðinni. Tæknileg matsviðmið eru í þróun og kom Brim í því samhengi, í samstarfi við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Matvælaráðuneytið, að umsögn Fjármála- og efnahagsráðuneytisins til Evrópuráðsins (Platform on Sustainable Finance). Í umsögninni er lagt til að tæknilegt matsviðmið um sjálfbæra framleiðslu sjávarafurða taki mið af annarri matvælaframleiðslu, en niðurstöður vísindarannsókna sýna að losun gróðurhúsalofttegunda tengt framleiðslu íslenskra sjávarafurða er takmörkuð í samanburði við losun gróðurhúsalofttegunda tengt framleiðslu flestra annarra prótínríkra matvæla.

Hæf starfsemi Brims í skilningi flokkunarreglugerðar ESB

Brim hefur farið yfir starfsemi sína og borið saman við þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið birt. Eins og fyrr segir liggja tæknileg matsviðmið fyrir framleiðslu sjávarafurða ekki fyrir. Niðurstaða yfirferðarinnar er að flokkar 1.1. Nýskógrækt, 6.16 Innviðir í höfnum (Infrastructure enabling low carbon water transport) og 5.5 Úrgangsflokkun (Collection and transport of non-hazardous waste in source segregated fractions) falli undir umhverfismarkmið 1) mildun loftslagsbreytinga og mótvægisáðgerðir.

Umhverfislega sjálfbær starfsemi samkvæmt flokkunarreglugerð ESB

Innan Brims hefur átt sér stað mikil grunnvinna tengd umhverfismálum. Skipulögð úrgangsflokkun innan félagsins hófst árið 2008, skip Brims hafa nýtt raforku við bryggju síðan 2018 og þá hefur Brim sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu, sem felur m.a. í sér markmið um kolefnisbindingu með skógrækt. Þessi grunnvinna, ásamt skýru utanumhaldi á gögnum tengt umhverfisáhrifum starfseminnar, hefur skipt miklu máli við mat á því hvernig starfsemi Brims telst uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðar ESB. Metið hefur verið hvaða hlutar starfsemi Brims teljast hafa verulegt framlag (e. substantial contribution) og þess gætt að þeir valdi ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm) tengt öðrum umhverfismarkmiðum og uppfylli lágmarks verndarráðstafanir (e. minimum safeguards).

Brim telur eftirfarandi hluta starfsemi sinnar uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðar ESB:

1.1. Nýskógrækt

Brim er með nýskógrækt á Torfastöðum í Vopnafirði. Skógræktarverkefnið fylgir aðferðafræði og stöðlum Skógarkolefnis og er skráð í International Carbon Registry (verkefnisnúmer 175). Aðferðafræði Skógarkolefnis hefur verið borin saman við kröfur flokkunarreglugerðar ESB og svo metið að hún uppfylli kröfur tæknilegu matsviðmiðanna þegar kemur að verulegu framlagi í skilningi flokkunarreglugerðarinnar.

5.5. Úrgangsflokkun

Brim rekur þrjár úrgangsflokkunarstöðvar, á Vopnafirði, Akranesi og í Reykjavík. Stafrænar lausnir eru notaðar til að halda með skipulögðum hætti utan um afdrif úrgangs, flokkunarhlutfall og losun gróðurhúsalofttegunda.

6.16. Innviðir í höfnum (búnaður til landtenginga skipa)

Brim á og rekur búnað til landtenginga skipa í Norðurgarði. Með búnaðinum er stuðlað að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við rekstur skipa Brims, sem veiða og flytja afla frá veiðislóð til vinnslu.

Orkunýtingarvottorð í flokki A skv. tilskipun ESB 2010/31 er nauðsynlegt til að ákvarða verulegt framlag fyrir smíði nýrra bygginga og endurnýjun bygginga. Þar sem Ísland er með undanþágu frá innleiðingu tilskipunarinnar, var ekki talið raunhæft að smíði og/eða endurnýjun bygginga Brims teldust umhverfislega sjálfbær skv. skilgreiningu flokkunarreglugerðar ESB, en orkunýtingarvottorð eru ekki gefin út hér á landi.

Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Þar sem 1.1. nýskógrækt, 5.5. úrgangsflokkun og 6.16 innviðir í höfnum höfðu veruleg áhrif á umhverfismarkmið 1) mildun loftslagsbreytinga og mótvægisáðgerðir, var kannað hvort þessir hlutar starfsemi Brims valdi umtalsverðu tjóni tengt öðrum umhverfismarkmiðum. Niðurstaða fyrir einstök umhverfismarkmið var sem hér segir:

2) Aðlögun loftslagsbreytinga

Umskipti í veðurfari sem afleiðing loftslagsbreytinga geta haft áhrif á alla innviði. Brim framkvæmdi loftslagsáhættu- og veikleikamat á þeirri starfsemi sem uppfyllti kröfur flokkunarreglugerðar ESB (1.1., 5.5 og 6.16) og lagði mat á helstu loftslagstengda áhættu henni tengt og lagði mat á aðlögunarlausnir. Áhættumat hefur einnig verið gert af Skógarkolefni, en verkefni sem fylgja aðferðafræði Skógarkolefnis teljast uppfylla kröfur flokkunarreglugerðarinnar.

3) Sjálfbær nýting og vernd vatns- og sjávarauðlinda

Viðmið fyrir vatns- og sjávarauðlindir tengjast vatnatilskipun ESB og þarf að meta skógræktarverkefnið að Torfastöðum m.t.t. áhrifa á vatnsupptökusvæði/vatnsból. Verkefnið liggur ekki innan vatnsverndarsvæðis, en almennt eru skógræktarverkefni talin hafa góð áhrif á stöðu vatnsbóla þar sem þau jafna rennsli yfirborðsvatns og draga þannig úr mengunarhættu.

4) Umskipti í hringrásarhagkerfi

Með rekstri úrgangsflokkunarstöðva er stuðlað að umbreytingu í hringrásarhagkerfi. Þá er lögð áhersla á flokkun og endurnýtingu úrgangs vegna innviða í höfnum, sem og í annarri starfsemi Brims.

5) Mengunarvarnir

Þessi flokkur á við um starfsemi sem fellur undir nýskógrækt og innviði í höfnum. Lögð er áhersla á að draga úr umhverfisáhrifum við uppbyggingu, viðhald og rekstur landtenginga. Varnarefni eru notuð í algjöru lágmarki í íslensku skógrækt og notkun áburðar er í samræmi við landslög.

6) Vernd og uppbygging líffræðilegrar fjölbreytni.

Þessi krafa á við um nýskógrækt og innviði í höfnum. Ræktunaráætlun skógræktarverkefnisins á Torfastöðum er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nýskógræktarverkefnis. Við viðhald og breytingar á landtengingu Brims er þess gætt að vera í góðu samstarfi við hafnaryfirvöld og tryggja að framkvæmd og rekstur uppfylli öll lög og reglugerðir sem eiga við hverju sinni.

Reikningsskilareglur flokkunarreglugerðar ESB

Lykilárangursmælikvarðar eru birtir í þremur aðskildum töflum á bls 46-48, fyrir veltu, fjárfestingaútgjöld og rekstrargjöld eins þau eru skilgreind í reglugerð 2021/20178. Útreikningar á lykilmælikvörðum eru birtir á samstæðugrundvelli þar sem innri viðskiptum hefur verið eytt út til að forðast tvítalningu.

Heildarvelta Brims inniheldur allar seldar vörur og þjónustu sem eru veittar til aðila utan samstæðunnar. Þetta eru tekjur félagsins eins og þær eru skilgreindar í IFRS 15 og IFRS 16. Þær tekjur af atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir eru síðan annað hvort flokkaðar sem umhverfissjálfbærar (e. aligned) eða teljast ekki vera umhverfissjálfbærar (e. eligible, not aligned).

Fjárfestingaútgjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingaútgjöld vegna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir eru síðan annað hvort flokkaðar sem umhverfissjálfbær eða teljast ekki vera umhverfissjálfbær.

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Eignfærður kostnaður er undanskilinn að fullu, svo sem venja er. Rekstrargjöld fela í sér kostnað vegna rannsókna og þróunar, skammtímaleigu og bein útgjöld vegna rekstrarfjármuna sem tryggja áframhaldandi skilvirka starfærkslu þeirra (viðhald, viðgerðir og endurnýjun bygginga). Bein útgjöld vegna rekstrarfjármuna geta átt við viðkomandi fyrirtæki eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til. Rekstrargjöld vegna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir eru síðan annað hvort flokkuð sem umhverfissjálfbær eða teljast ekki vera umhverfissjálfbær.

Velta

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón (Veldur ekki verulegu tjóni)									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall af veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár 2024 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum) (20)	Flokkur (umbreytinga starfsemi) (21)
Texti		Pús. EUR	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			0%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Nýskógrækt	1.1	0,00	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Úrgangsflokkun	5.5	55,64	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Innviðir í höfnum	6.16	0,00	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Velta vegna starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		55,64	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	J	J	J	J	J	J	J	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Nýbyggingar	7.1	0,00	0%																
Velta vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0,00	0%																
Alls (A.1+A.2)		55,64	0%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Velta vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		389.309	100%																
Alls (A+B)		389.365	100%																

Fjárfestingarútgjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón (Veldur ekki verulegu tjóni)									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	fjárfestingarútgjöld alls (3)	Hlutfall fjárfestingarútgjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall fjár- festingar- útgjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár 2024 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis- mark- miðum) (20)	Flokkur (umbreyt- inga starfsemi) (21)
Texti		Þús. EUR	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			7%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Nýskógrækt	1.1	1.845,60	3%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	3%		
Úrgangsflokkun	5.5	0,00	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Innviðir í höfnum	6.16	0,00	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Fjárfestingarútgjöld vegna starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		1.845,60	3%	3%	0%	0%	0%	0%	0%	J	J	J	J	J	J	J	3%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Nýbyggingar	7.1	2.534,99	4%																
Fjárfestingarútgjöld vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		2.534,99	4%																
Alls (A.1+A.2)		4.380,60	7%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Fjárfestingarútgjöld vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		61.545,40	93%																
Alls (A+B)		65.926,00	100%																

Rekstrargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón (Veldur ekki verulegu tjóni)									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Rekstrargjöld alls (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (9)	Lífæðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Lífæðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstæfanir (17)	Hlutfall rekstrar- gjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár 2024 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis- mark- miðum) (20)	Flokkur (um- breytinga starfsemi) (21)
Texti		Þús. EUR	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			2%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Nýskógrækt	1.1	298,02	1%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	1%		
Úrgangsflokkun	5.5	125,18	1%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	1%		
Innviðir í höfnum	6.16	0,00	0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%		J	J	J	J	J	J	0%		
Rekstrargjöld vegna starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		423,20	2%	2%	0%	0%	0%	0%	0%	J	J	J	J	J	J	J	2%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Nýbyggingar	7.1	0,00	0%																
Rekstrargjöld vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0,00	0%																
Alls (A.1+A.2)		423,20	2%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Rekstrargjöld vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		19.994,59	98%																
Alls (A+B)		20.417,79	100%																

Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Lína	Starfsemi sem tengist kjarnorku	Já/Nei
1	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	Nei
2	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggisuppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	Nei
3	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	Nei
Starfsemi sem tengist jarðgasi		
4	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
5	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
6	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei